



Ráðhús Reykjavíkur
Borgarráð

Efni: Heildstæð stoðþjónusta fyrir börn með sérþarfir

Á fundi skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs var lögð fram svohljóðandi tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa og velferðarráðsfulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna:

Lagt er til að settur verði á fót sameiginlegur stýrihópur skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs sem hafi það hlutverk að skoða hvernig megi tryggja heildstæða stoðþjónustu fyrir börn með sérþarfir, með það að markmiði að bæta þjónustu við börnin og forráðamenn þeirra gera hana markvissari og stuðla að því að hún skili börnunum framförum. Þar verði til skoðunar sérkennsla og stuðningur í skólum og frístundastarfi, skólaþjónustan og sérstaklega hugað að samstarfi kennara, skólastjórnenda, sérfræðinga skólaþjónustu og starfsfólks sviðanna við að tryggja börnum markvissa þjónustu sem skilar þeim árangri og framförum. Stýrihópurinn hafi m.a. það hlutverk að fylgjast með framgangi verkefnisins Betri borg fyrir börn í Breiðholti og leggja mat á fýsileika þess að yfirfæra verkefnið á aðra borgarhluta. Hópnum verði m.a. falið að móta tillögur um leiðir til að meta árangur af sérkennslu, stuðningi og skólaþjónustu með það fyrir augum að auka gæði og virkni þjónustunnar fyrir viðkomandi börn. Í stýrihópnum eigi sæti formenn skóla- og frístundaráðs og velferðarráðs og sviðsstjórar skóla- og frístundasviðs og velferðarsviðs. Hópurinn kalli til ráðgjafar fulltrúa úr skólasamfélaginu og fagaðila eftir þörfum.

Tillagan var samþykkt og vísað til borgarráðs.

Tillögunni er hér með vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna í velferðarráði og skóla- og frístundaráði lögðu fram svohljóðandi bókun:

Það er mikið fagnaðarefni að skóla- og frístundaráð og velferðarráð og fagsviðin tvö taki nú höndum saman um að auka samstarf sitt með það að markmiði að bæta þjónustu við börn í borginni og aðstandendur þeirra. Skóla- og frístundasvið og velferðarsvið setja nú á fót sameiginlegt þróunarverkefni: Betri borg fyrir börn sem hefur m.a. þann tilgang að færa þjónustuna í auknum mæli í skólaumhverfi barna og ungmenna með aðferðum snemmtæktrar ihlutunar. Styðja á betur við starfsfólk í skóla- og frístundastarfi og færa stjórnun stofnana skóla- og frístundasviðs nær vettvangi og nýta fjármagn betur með sameiginlegum rekstri á sviði fjármála, mannvirkja og mannauðs. Samhliða er

settur á fót sameiginlegur stýrihópur fagraðanna sem mun hafa það hlutverk að skoða heildstætt hvernig megi samþætta og einfalda skipulag og starfsemi þeirrar stoðþjónustu sem borgin veitir börnum með sérstakar þarfir með það að markmiði að auka gæði og skilvirkni þjónustunnar og stuðla að því að hún skili viðkomandi börnum framförum. Mikilvægt er að hafa gott samráð við stjórnendur og annað starfsfólk og aðra hagsmunaaðila í hverfinu sem málinu eru viðkomandi við útfærslu og innleiðingu þessara breytinga.

Virðingarfyllst



Helgi Grímsson
sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs



Regína Ásvaldsdóttir
sviðsstjóri velferðarsviðs

Hjálagt:

Tillaga um stoðþjónustu við börn, ódags.

